

6. gr.

Brot á móti reglugjörð þessari varða sektum frá 10 krónum til 1000 króna, nema önnur þyngri refsing liggi við að lögum.

7. gr.

Reglugjörð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 25. október 1917.

Sigurður Jónsson.

Jón Hermannsson.

Samþykkt

um heyforðabúr Bárðdælahrepps.

1. gr.

Tilgangur forðabúrsins er, samhliða eftirliti með tryggu heýasetningi, að styrkja þá menn, sem í heyþröng komast, fyrir búpening sinn að vorlagi, með því að hafa til sölu eða útlána hey, sem sveitarstjórnin hefir umsjón með, og lætur úti eftir þeim fyrirmælum, sem þessi samþykkt setur.

2. gr.

Heyforðabúrið myndast á þann hátt, að hreppsnefndin semur við einn eða fleiri menn, að þeir hafi til ákveðinn forða af góðu heýi handa þeim búfjáreigendum í hreppnum, er kynnu að lenda í heyþroti, og svo af því heýi, sem sveitarstjórnin hefir þegar keypt (50 vættir) og skal hún leitast við að afla viðbótar eins fljótt og unt er, svo að hún hafi umráð á alt að 200 vættum af fullgildu heýi.

3. gr.

Sveitarstjórnin í Bárðdælahreppi sjer um forðabúrið eins og aðrar eignir hreppsins; hefir hún á hendi rekstur þess, umsjón alla og reikningshald. Allur kostnaður við forðabúrið, svo sem heyskapur, geymsla, umsjón og útlát legst á heýið, og kemur fram í verði þess. Árskostnaður við forðabúrið, sá er eigi greiðist af notendum þess, skal greiðast úr sveitarsjóði.

105

1. nóv.

Hreppsnefndin skal fyrir lok júlímánaðar ár hvert senda stjórnarráðinu skýrslu um heyforðabúr hreppsins fyrir næstliðið fardagaár, ásamt reikningi yfir kostnað við það.

5. gr.

Það skal vera aðalregla, að hey sje eigi látið út úr forðabúrinu fyrri en fram hefir farið hin lögskipaða útmánaðaskoðun, og sveitarstjórnin hefir fengið skýrslu um fódurbirgðir manna. Lendi einhver í heyproti áður, eða sjái þau fyrir, skal hann, ef hann leitar til forðabúrsins um heyhjálp, kveðja granna sína tvo til að meta fódurbirgðir sínar, og gefa um þær vottorð til sveitarstjórnarinnar.

6. gr.

Eins og 1. gr. ber með sjer, skal það vera aðalregla, að hey, sem forðabúrið lætur úti, sje borgað í peningum eða öðrum þeim gjaldeyri, sem hreppsnefndin tekur gildan. Þó má lána heyið móti heyi, er sje skilað að sumrinu jafn góðu, og þriðjungi meiri þyngd, og flutt á þann stað, sem sveitarstjórnin ákveður.

7. gr.

Taki heyforðinn að fyrnast, svo að sveitarstjórnin áliti nauðsynlegt að nýja hann upp, svo að hann rýrni ekki til stórskaða, skal sveitarstjórnin bjóða heyið upp, eða á annan hátt leitast við að koma því í sem fylst verð. Hvort sem heyforðinn eyðist fyrir það, að hann er látinn úti í heyskorti eða af því, að hann þarf að nýjast, skal sveitarstjórnin afla heysins aftur, eins fljótt og mögulegt er.

8. gr.

Útistandandi skuldir forðabúrsins má taka lögtaki samkvæmt heimild í lögum nr. 44, frá 11. júlí 1911, um samþykktir um heyforðabúr.

Samþykkt þessi, sem gjörð er samkvæmt lögum nr. 44, 11. júlí 1911, staðfestist hjermeð til að öðlast þegar gildi.

I stjórnarráði Íslands, 1. nóv. 1917.

Sigurður Jónsson

Jón Hermannsson,